



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins frá 12. september 2019, um ferðakostnað

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 12. september 2019, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Flokkur fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir ferðir mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu síðustu þriggja ára og fá upplýsingar um kostnað borgarinnar í því sambandi. Einnig er kallað eftir hvaða stefnu ráðið og skrifstofan hefur um ferðir erlendis og kostnað í sambandi við þær?

Svar:

Meðfylgjandi er listi yfir ferðir starfsmanna skrifstofunnar árin 2017, 2018 og janúar - nóvember 2019, verklagsreglur um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar, leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi utanlands- og innanlandsferðir starfsmanna á vegum Reykjavíkurborgar. Ásamt yfirliti yfir kostnað vegna ferða starfsmanna og kjörinna fulltrúa árin 2017, 2018 og janúar - nóvember 2019, sjá hjálagt fylgiskjal.

	2017	2018	2019
Borgarfulltrúar	161.291	282.549	511.731
Embættismenn	670.726	0	677.590
Aðrir	1.874.704	1.346.314	2.914.978
Styrkir	-1.277.837	-826.047	-2.244.570*
Samtals	1.428.884	802.816	1.859.729

*Ekki hafa borist endurgreiðslur frá Evrópuráðinu vegna kostnaðar við ferðir á fundi Intercultural Cities á árinu 2019.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri

Hjálagt:

Ferðir starfsmanna skrifstofunnar árin 2017, 2018 og janúar - nóvember 2019

Verklagsreglur um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar

Leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi utanlandsferðir starfsmanna Reykjavíkurborgar

Leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi innanlandsferðir starfsmanna Reykjavíkurborgar

Kostnaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu vegna ferða starfsmanna og kjörinna fulltrúa árin 2017, 2018 og janúar - nóvember 2019